



Dagsetning

27. mars 1992

Tilvisun

HZ/HB

510/104

Alþingi 1824

Erindi nr. P 120/1824

komudagur 215 1996

ALLIR LÖGREGLUSTJÓRAR

Mikil umræða varð á sl. ári um aukastörf lögreglumanna meðal lögreglumanna, lögreglustjóra, dómsmálaráðuneytisins og Landssambands lögreglumanna.

Nokkuð er um það að lögreglumenn hafi með höndum aukastörf án þess að hafa óskað leyfis hjá viðkomandi lögreglustjóra eða tilkynnt um það.

Samkvæmt 34. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 38/1954 hvílir sú skylda á lögreglumanni, áður en hann stofnar til atvinnurekstrar, hyggst taka við starfi í þjónustu annars aðila en ríkisins gegn varanlegu kaupi eða ganga í stjórn atvinnufyrirtækis, að skýra lögreglustjóra frá því.

Þessum reglum er ætlað að tryggja að meðfram lögreglustarfinu vinni lögreglumaður ekki önnur aukastörf en svo, og aðeins að því marki að hann ræki skyldur sínar í aðalstarfinu af samvirkusemi og með þeirri virðingu og trausti sem staðan krefst.

Að baki þessum reglum eru tvíþættar ástæður. Annars vegar að aukastarfið samrímist ekki aðalstarfinu vegna hagsmunaárekstra, og hins vegar að aukastarfið leiði til þess að hann noti vinnustað, vinnusíma eða aðra aðstöðu eða komi þreyttur eða slæptur í aðalstarfið eða að við skipulagningu aðalstarfsins þurfi að taka mið af aukastarfinu.

Lögreglumenn sem vilja gegna aukastörfum skulu sækja um það til lögreglustjóra með skriflegri umsókn, þar sem tilgreina skal helstu atriði er máli skipta.

Við mat á umsóknum skulu lögreglustjórar taka mið af eftirgreindum meginreglum:

1. Því aðeins verður lögreglumanni heimilt að sinna aukastarfi að starfið samrýmist skyldum hans og stöðu sem lögreglumanns.
2. Lögreglumaður má ekki taka að sér aukastarf nema eftirfarandi skilyrða séu uppfyllt:



- a. aukastarfið sé ekki unnið í einkennisbúningi, hvorki í einkennisfötum lögreglumanns, né í annars konar einkennisfötum.
 - b. að eignir ríkisins, þ.m.t. húsnæði, bifreiðar, sími, tölvur, ritvélar, pappír o.fl., séu ekki nýttar í þágu aukastarfsins.
 - c. að ekki sé vísað á lögreglustöð eða síma vegna aukastarfsins. Óheimilt er að vísa á lögreglumann á þeim tíma sem hann sinnir lögreglustarfinu.
 - d. að við lögreglustarfið sé ekki tekið tillit til aukastafsins.
 - e. að umfang aukastarfsins sé ekki svo mikið að lögreglumaður mæti þreyttur og óupplagður til lögreglustarfa.
3. Lögreglumaður skal sækja um það til lögreglustjóra ef hann hyggst stunda launað aukastarf eða ef hann stofnar til atvinnurekstrar, einn eða með öðrum. Þá er lögreglumanni óheimil stjórnarseta í félögum ef starfið samrýmist ekki lögreglumannsstarfinu. Hið sama gildir um verulegan eignarhlut í félögum, umboðsmennsku og annan erindrektur fyrir félög og einstaklinga, ef hætta er á að það hafi áhrif á störf hans sem lögreglumanns.
 4. Lögreglumaður má ekki taka við aukastarfi nema að fengnu samþykki lögreglustjóra.
 5. Lögreglustjóri skal svara umsóknum innan tveggja vikna. Lögreglumenn geta skotið niðurstöðum lögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins.

F. h. r.